

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá vegna sorphirðu og förgunar úrgangs
í Langanesbyggð nr. 1199/2011.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar ásamt fyrirsögn fellur brott og orðast 2. mgr. svo:
Sorphreinsunargjald heimila kr. 15.000 á íbúð.
Sorpeyðingargjald heimila kr. 15.000 á íbúð.

2. gr.

Auglýsing þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Langanesbyggðar 22. nóvember 2012 er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000. Hún er í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð og öðlast þegar gildi.

Þórshöfn, 27. nóvember 2012.

Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2012